

Landsnet hf
Gnýr Guðmundsson
Gylfaflöt 9
112 Reykjavík

Reykjavík, 18. desember 2019
Tilvísun: 201911057 / 4.1.1

Efni: Kerfisáætlun 2020-2029 - Umsögn Skipulagsstofnunar um matslýsingu kerfisáætlunar

Landsnet vinnur að kerfisáætlun 2020-2029 og umhverfismati hennar skv. lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Lögð hefur verið fram til kynningar verkefnis- og matslýsing vegna umhverfismatsins og óskað eftir athugasemdum.

Skipulagsstofnun hefur farið yfir framlagða matslýsingu, sbr. ákvæði um samráð við stofnunina í 2. mgr. 6. gr. laga nr. 105/2006 og bendir á eftirfarandi atriði:

Í kafla 1.1 er fjallað um breytingar sem gera á áherslum frá síðustu kerfisáætlun. Skipulagsstofnun telur að þessar áherslubreytingar geti verið jákvæðar og til þess fallnar að Kerfisáætlun 2020-2029 verði betri og gagnsærri áætlun en ella ef vel tekst til.

Í kafla 4 kemur fram að viðfangsefni kerfisáætlunar megi skipta í þrennt og að í langtímaáætlun verði annars vegar gerð grein fyrir 10 ára áætlun Landsnets um uppfærslu meginflutningskerfisins og hins vegar hvaða valkostir eru til skoðunar um framtíðarþróun flutningskerfisins til 30 ára. Hér er um breytta valkostanálgu frá fyrri áætlunum og bent er á eftirfarandi til rökstuðnings: „Í Kerfisáætlun 2019 – 2028 var bætt við nýrri línulögn inn á langtímaáætlun, sem nær frá Hvalfirði í Hrútafjörð, eftir að kynningartíma lauk, en áður en áætlunin var send til afgreiðslu Orkustofnunar. Ástæðan er að kerfisgreiningar sýna að flæði um línuleiðina muni fara hratt vaxandi, auk þess sem viðbótin kemur til móts við hugmyndir um uppbyggingu vindorkukosta á Vesturlandi. Með þeirri viðbót lá fyrir að lykilmjálffestingar næstu 10 ára samræmast valkosti B.2 í fyrri kerfisáætlunum og endurskoða þurfi umfjöllun langtímaáætlunar um aðra valkosti framtíðaruppbyggingar flutningskerfisins“. Skipulagsstofnun telur að ítarlegri rökstuðningur þurfa að koma fram í kerfisáætlun 2020-2029 fyrir þessari skiptingu.

Í 30 ára áætluninni er áfram gert ráð fyrir svokallaðri hálandisleið og að bæði sú leið og byggðalínuleið verði skoðaðar í mismunandi útfærslum á svipaðan hátt og gert hefur verið í fyrri kerfisáætlunum. Í athugasemdum við matslýsingu (umsögn dags 17. desember 2018) síðustu kerfisáætlunar og við kerfisáætlunina (umsögn dags. 3. júlí 2019) sjálfa benti Skipulagsstofnun á hálandisleið væri í ósamræmi við stefnu stjórnvalda og benti á nauðsyn þess að að í kerfisáætlun þurfi að fjalla ítarlegar um efni þingsályktunar nr. 26/148 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku og hvernig sú stefna sem þar birtist verði höfð að leiðarljósi við gerð kerfisáætlunar. Í stefnunni kemur m.a. fram að ekki verði ráðist í línulagnir yfir hálandið en í kafla 5.1 í matslýsingunni er tekið fram að valkostir í kerfisáætlun byggist á viðmiðum sem koma fram í lögum

um kerfisáætlun **auk stefnu stjórnvalda** og raforkulögum og að í kerfisáætlun verði áhersla lögð á umfjöllun um áhrif áætlunar á stefnur og áætlanir stjórnvalda. Skipulagsstofnun vísar að öðru leyti til fyrrnefndra umsagna.

Í töflu 6.1 um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku kemur fram að stefnan verði endurskoðuð á vorþingi 2019. Fyrir liggur að sú endurskoðun fór ekki fram en hefur hún farið fram á haustþingi eða er hún óbreytt?

Í inngangi kemur fram að í umhverfismatinu verði **áfram** fjallað um.. og taldir eru upp tilteknir þættir sem fjalla á um. Skipulagsstofnun bendir á að ekki var fjallað um alla þessa þætti skv. matslýsingu kerfisáætlunar 2019-2028 þannig að hugtakið áfram virðist ekki eiga við.

Jakob Gunnarsson